

Umsögn Íbúasamtaka Öræfa um tillögu að breytingu á aðalskipulagi í landi Skaftafells III og IV.

Breytingarnar felast í því að 10 ha land sem er á náttúruminjaskrá og nærsvæði þjóðgarðsins verði skilgreint sem svæði fyrir verslun og þjónustu.

Íbúasamtök Öræfa lýsa efasemdum um staðsetningu þjónustukjarna rétt utan við eina stærstu náttúruperlu Íslands til viðbótar við þá sem komnir eru. Þjónustukjarnar eru innan þjóðgarðsins í Skaftafelli, við flugvöllinn og í Freysnesi.

Skaftafell er einn vinsælasti ferðamannastaður landsins og dregur að hundruð þúsunda ferðamanna í Öræfin allt árið um kring. Fyrirhugaður þjónustukjarni myndi hafa neikvæð áhrif á einstakt útsýni heim að Skaftafelli og Skaftafellsjökli frá þjóðveginum. Eins mun fyrirhugaður þjónustukjarni skerða upplifun ferðamanna sem ganga um austurhluta Skaftafellsheiðar en þaðan er einstakt útsýni yfir heilsteyptar jökulminjar og víðernin neðan Skaftafellsheiðar.

Mikil breyting hefur átt sér stað á svæðinu á síðustu áratugum þar sem skipulagsbreytingin er fyrirhuguð. Frá því að Skeiðará hefur fest sig í farvegi Gígjukvíslar hefur mikið gróið upp á svæðinu sem leiðir fólk sem keyrir þjóðveginn úr auðninni á Skeiðarársandi inn í vinina í Skaftafelli. Birki hefur sprottið upp með lækjarsprænum á svæðinu og fuglar setjast að í lækjum og smáum tjörnum sem gerir svæðið að mikilvægu búsvæði plantna og dýra.

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir staðsetningu fjölmargra mannvirkja, þar á meðal umfangsmikillar gistingar á svæði rétt utan við náttúruperlur í þjóðgarði. Íbúasamtökin benda á umhverfismatsskyldu skv. ákvæðum laga nr. 106/2000 um umhverfismat framkvæmda þar sem landið er á náttúruminjaskrá og í aðkomuleið inn í þjóðgarðinn. Í tillögunni er engin grein gerð fyrir því hvort náttúruperlur innan þjóðgarðsins geti orðið fyrir beinum eða óbeinum áhrifum vegna framkvæmdarinnar en ljóst er að ásýnd þjóðgarðsins og upplifun ferðamanna við komu í þjóðgarðinn mun breytast. Íbúasamtök Öræfa óska eftir því að endurmetin verði sjónræn áhrif af þessari miklu uppbyggingu við aðkomuna að Skaftafelli og einnig ofan frá, s.s. af Skaftafellsheiði.

Ekki er gerð grein fyrir þolmörkum svæðisins í tillögunum og ekki heldur hvort álag kynni að aukast á svæðið, yrði tillagan samþykkt óbreytt. Mikilvægt er að forðast mistök í mannvirkjagerð en mörg dæmi eru erlendis þar sem verið er að kaupa upp fasteignir og rífa, innan eða í nágrenni þjóðgarða til að færa umhverfið í upprunalegt horf.

Miklar efasemdir hafa komið upp hjá heimafólki um að uppbygging af þeirri stærðargráðu sem um ræðir eigi rétt á sér á þessum stað, u.þ.b. 1,5 km frá Skaftafellsstofu og hvort þörf sé fyrir þessa gríðarmiklu viðbót við þá gistipjónustu sem þegar hefur verið byggð upp í Öræfum. Í skipulagstillögunni er um að ræða 35 gistihús og 10 einbýlishús. Auk þessara bygginga er á skipulaginu heimild fyrir allt að 3000 fermetra þjónustubyggingu sem væri eitt, tvö eða þrjú hús. Þessi hús geta verið hótél eða önnur gistirými.

Gistihúsin 35 eiga samkvæmt tillöggunni að vera á einni hæð en ekkert segir frekar um útlit né hönnun þeirra 10 einbýlishúsa sem einnig er heimilt að byggja en aðeins er tekið fram að húsin verði lágreist. Ekkert kemur fram um það hverjum þessi 10 einbýlishús eigi að þjóna.

Íbúasamtök Öræfa telja þessa skipulagstillögu ekki vera í samræmi við 69. gr. Náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Flugvélar á flugvellingum í Skaftafelli taka á loft og lenda yfir svæðinu þar sem þessi byggð er fyrirhuguð. Telja íbúasamtökin það ekki standast öryggiskröfur að íbúabyggð sé á því svæði þar sem flugvélar taka á loft og lenda. Svo ekki sé minnst á þá hljóðmengun sem hlýst af umferð flugvéla sem er á svæðinu.

Samkvæmt Veðurstofu Íslands er svæði skipulagstillögunnar utan þess svæðis þar sem hætta er á jökulhlaupum úr Örafajökli. Eins er talið að svæðið sé utan hættusvæðis vegna berghlaups úr Svínafelli. Íbúasamtökin vekja athygli á að mjög stutt er milli svæðisins þar sem fyrirhuguð skipulagstillaga á sér stað og flugvallarins í Skaftafelli, en flugvöllurinn er innan hættusvæðis. Verður það að teljast athyglisvert að skil milli hættusvæðis séu á flötu svæði þar sem engir landfræðilegir þættir skilja að hættusvæði annars vegar og land utan hættusvæðis hins vegar.

Ísland hefur tilnefnt Vatnajökulspjóðgarð til heimsminjaskrár Sameinuðu þjóðanna. Heimsminjaskrá UNESCO er skrá yfir staði sem teljast sérstaklega verðmætir frá menningar- og eða náttúrufræðilegu sjónarmiði og þannig hluti af menningararfi mannkyns. Áform um eins umfangsmiklar framkvæmdir sem skipulagsbreytingarnar leggja til gætu mjög líklega haft áhrif á það hvort Vatnajökulspjóðgarður yrði samþykktur af heimsminjanefnd en ströng skilyrði eru sett af hálfu heimsminjanefndar áður en samþykki er veitt.

Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar er kveðið á um að nýbyggingar og þjónustuhús eigi að byggja innan þeirra kjarna sem fyrir eru í Örafum. Því væri bygging þjónustukjarna í jaðri þjóðgarðsins í Skaftafelli á skjön við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins. Á Hofi hefur verið skipulögð ný byggð sem gæti nýst undir hluta þeirrar uppbyggingar sem fyrirhuguð er í landi Skaftafells III og IV.

Í ljósi þess að Skaftafell er einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins þarf að vanda vel til verka varðandi skipulag á svæðinu. Náttúruvernd á að vera höfð í fyrirrúmi en vegna náttúruminja gæti svæðið átt tilkall til heimsminjaskrár UNESCO en það myndi skapa Íslandi enn sterkari stöðu sem ferðamannastað. Íbúar í Örafum telja að Sveitarfélagið Hornafjörður eigi að taka skýra afstöðu til málsins þar sem að skipulagsbreytingarnar fara á skjön við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins. Fordæmi er fyrir því að sveitarfélagið hafi hafnað álíka skipulagstillögu. Vegna umferðar flugvéla í flugtaki og lendingu á flugvellingum í Skaftafelli telja íbúasamtökin uppbyggingu á svæðinu ekki standast öryggiskröfur.

Íbúasamtök Öræfa fara fram á að skipulag á þessum reit í Skaftafellslandi verði unnið með náttúruvernd og náttúruverndarlög að leiðarljósi sem og stefnumörkun þeirra opinberu aðila sem vitnað er í hér á undan.

Virðingarfyllst,

Íbúasamtök Öræfa

